

inn, nema því að eins að kirkjan sjálf sè skoðuð, og hefir hann boðizt til að láta einhvern af erfðismönnum þeim, sem hann ætli að senda til Íslands á þessu ári til þess að byggja þar fangelsi samkvæmt samningi þeim, sem gjörður er við stjórnarráðið, fara til Reykjavíkur með póstgufuskipinu, sem sigli hëðan á morgun, til þess að skoða kirkjuna og láta uppi skoðunargjörð, er byggð sè á rannsókn þessari, en úr Reykjavík skyldi hann svo halda til Akureyrar eða Stykkishólms.

Með því stjórnarráðið hefir tekið við boði þessu, mælumst vèr til, að þèr, herra landshöfðingi, sjáið um, að þeim, sem í hlut á, tafarlaust verði gefinn kostur á að skoða dómkirkjuna, svo skoðunargjörðinni að svo miklu leyti, sem unnt er, verði lokið áður en póstgufuskipið leggur aptur af stað frá Reykjavík í þessari ferð sinni.

1874.
27. maí.

42. Anglýsing fyrir Ísland um, frá hvaða tíma hin nýja reikningseining, eptir peningalögnum 23. maí 1873, skuli í gildi leidd.

6. júní.

Samkvæmt peningalögnum 23. maí 1873, 17. gr. hefir hans hátign konunginum þóknazt með allrahæstum úrskurði 20. f. m. allramildlegast að ákvarða, að hin nýja reikningseining, sem ákveðin er með tæðum lögum, ásamt skipting hennar skuli í gildi leidd frá 1. janúar 1875.

Þetta skal hërmeð gefið almenningi til vitundar.

Í fjárhagsstjórninni, 6. dag júním. 1874.

Fr. Krieger.

F. Vestergaard,
asst.